

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 7 dagar, er ákærði Natan sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærði Hörður Gunnar Ingólfsson, fæddur 24. ágúst 1961, nú til heimilis að Álftamýri 16, Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Til frádráttar dæmdri varðhaldsrefsingu komi 4 dagar, er ákærði Hörður sætti gæsluvarðhaldi.

Ákærðu er hvorum um sig gert að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, þá komi 20 daga varðhald í sektar stað.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar af er ákærða Herði gert að greiða kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmennas. Ákærði Natan greiði kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Ákærði Natan greiði einnig kr. 2.000.00 vegna réttargæslu Gunnars Guðmundssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Mánudaginn 7. nóvember 1983.

Nr. 59/1981. **Ragnar Kristinsson**
og Eimskipafélag Íslands h/f
 (Örn Clausen hrl.)
 gegn
Úlfari Guðmundssyni
og gagnsakir
 (Othar Örn Petersen hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi Ragnar Kristinsson áfrýjaði málinu með stefnu 26. febrúar 1981. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, og að sér verði dæmdur malskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá felldur niður fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1981. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar.

Gagnáfrýjandi, Úlfar Guðmundsson, hefur áfrýjað málinu á hendur aðaláfrýjendum með tveimur stefnum, dags. 8. júlí 1981, að fengnum áfrýjunarleyfum 19. júní s. á. Eru kröfur hans á hendur aðaláfrýjendum sem hér segir:

„Aðalkrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 283.593.30 auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þ. d. til 1. mars 1981, 42% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1981, 39% ársvaxta frá þ. d. til 1. nóvember 1982, 47% ársvaxta frá þ. d. til 21. september 1983, 39% ársvaxta frá þ. d. til uppsögu dóms Hæstaréttar, en með hæstu innlánsvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

1. varakrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 283.593.30 auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags.

2. varakrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 99.480.30 auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þ. d. til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þ. d. til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þ. d. til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1980, 46% ársvaxta frá þ. d. til 1. mars 1981, 42% ársvaxta frá þ. d. til 1. júní 1981, 39%

árvaxta frá þ. d. til 1. nóvember 1982, 47% árvaxta frá þ. d. til 21. september 1983, 39% árvaxta frá þ. d. til uppsögu dóms Hæstaréttar, en með hæstu innlánsvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

3. varkrafa: Að aðaláfrýjendum verði gert að greiða gagnáfrýjanda in solidum kr. 99.480.30 auk 5% árvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er gerð sú krafa, að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. nóvember 1975 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „árvextir“ felist, að um vaxtavexti sé að ræða.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

SKÝRINGAR:

Aðalkrafa og 1. varakrafa

Skv. útreikningi Guðjóns Hansens, tryggingafr., dags. 29. september 1983, reikningsgrundvelli A og vaxtagrundvelli 5% árvextir	kr. 264.178.-
Miskabætur	— 20.000.-
	kr. 284.178.-
Greitt frá Tryggingastofnun ríkisins	— 390.40
Greitt frá Eimskipafélagi Íslands hf	— 194.30
	kr. 283.593.30

2. og 3. varakrafa

Skv. útreikningi Guðjóns Hansens, tryggingafr., dags. 29. september 1983, reikningsgrundvelli A og vaxtagrundvelli 13% árvextir	kr. 80.065.-
Miskabætur	— 20.000.-
	kr. 100.065.-
Greitt frá Tryggingastofnun ríkisins	— 390.40
Greitt frá Eimskipafélagi Íslands hf	— 194.30
	kr. 99.480.30“

Gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi 25. febrúar 1983.

Af hálfu aðaláfrýjenda hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný gögn um hættueiginleika farms, sem þeir telja svipaðan þeim, er var skipað upp úr m/s Öskju hinn 16. nóvember 1974, svo og skrár um hættuleg efni í flutningum á sjó.

Af hálfu gagnáfrýjanda var lagður fyrir Hæstarétt nýr útreikningur um örorkutjón, dags. 29. september 1983, gerður af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Segir þar m. a. svo:

„Við eftirfarandi útreikning hef ég tekið tillit til breytinga á kauplagi, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Þá hef ég til viðbótar fyrri vaxtagrundvelli, þar sem reiknað er með 5% og 13% ársvöxtum frá slysdegi, reiknað, hver niðurstaða verður, ef frá slysdegi til útreikningsdags 29/9 1983 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, en síðan reiknað á tvo vegu, annars vegar með 5% ársvöxtum og hins vegar með 13% ársvöxtum... A. Miðað við vinnutekjur verkamanna.

Þegar miðað er við meðalvinnutekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík, eins og þær reyndust samkvæmt úrtaksrannsókn þjóðhagsstofnunar ár hver 1974 — 1979, en frá og með árinu 1980 miðað við reynslu 10 ára tímabilsins 1970 — 1979 og tekjurnar umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kaupþöxtum, að meðtalinni lögbundinni 4% hækkun 1. október 1983, reiknast mér árlegar vinnutekjur verkamanna verða sem hér segir:

Árið 1974	kr.	9.490.-
Árið 1975	—	12.344.-
Árið 1976	—	15.670.-
Árið 1977	—	21.547.-
Árið 1978	—	33.530.-
Árið 1979	—	50.990.-
Árið 1980	—	72.827.-
Árið 1981	—	109.378.-
Árið 1982	—	163.962.-
Árið 1983	—	242.853.-
Eftir þann tíma	—	263.500.-

Miðað við þessar vinnutekjur fullorðinna verkamanna, en lægri tekjur á unglingsárum, eins og fram kemur í útreikningnum frá 8/2 1980, og tekjutap í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	<i>Ársvextir 5% frá slysd. Kr.</i>	<i>Ársvextir 13% frá slysd. Kr.</i>
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán.	2.003.-	1.934.-
Vegna varanl. orkutaps eftir það	262.175.-	78.131.-
Samtals	264.178.-	80.065.-

Ef vaxtagrundvellinum er breytt á þann veg, að frá slysdegi til útreikningsdags 29/9 1983 sé reiknað með almennum sparisjóðs-vöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	<i>Ársvextir 5% frá útrd. Kr.</i>	<i>Ársvextir 13% frá útrd. Kr.</i>
Vegna tímabundins orkutaps í 4 mán.	1.934.-	1.934.-
Vegna varanl. orkutaps eftir það	67.375.-	40.170.-
Samtals	69.309.-	42.104.-

B.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem greint er frá hér að framan, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Þess skal getið, að útreikningi skv. B. lið er sleppt, þar sem ekki var á honum byggt í málflutningi hér fyrir dómi.

I.

Eigi fór fram lögreglurannsókn á atvikum að ákomum á gagn-áfrýjanda, og leitt er í ljós, að af hálfu aðaláfrýjandans Eimskipa-

félags Íslands h/f var Öryggiseftirliti ríkisins eigi skýrt frá slysi þessu.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta, er rösklega hálf tótt ári var liðið frá því að hann varð fyrir slysinu. Eru gögn máls um atvik að því mjög ófullkomin, og eigi er hægt að fullyrða, hvert efni var í farmi þeim, sem skipað var upp, þegar slysið bar að höndum.

II.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Ragnari Kristinssyni.

Sönnunargögnum um atvik að því, er gagnáfrýjandi hlaut augnáverka hinn 16. nóvember 1974 við uppskipun á farmi úr m/s Öskju, er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er þar raunverulega aðeins við skýrslur málsaðiljanna Ragnars Kristinssonar og Úlfars Guðmundssonar og svo vitnaskýrslu Gunnars Smára Sigurðssonar að styðjast. Skýrslur þessar eru óglöggar og gefnar á dómþingi, sem háð var rökum 6 árum eftir að atburðir gerðust. Þegar virt er, hvernig sönnunarbyrði horfir hér við, og svo hitt, hve sönnunargögn eru ótraust og af skornum skammti, þykir ekki verða fullyrt, að aðaláfrýjandinn Ragnar hafi valdið gagnáfrýjandanum heilsutjóni því, sem um ræðir í málinu, með saknæmum hætti. Ber því að sýkna þennan aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður, en um gjafsóknarlaun gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti verður dæmt hér á eftir.

III.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Eimskipafélagi Íslands h/f.

Svo sem að framan greinir, fór engin rannsókn fram út af slysi þessu, hvorki á vegum Öryggiseftirlits ríkisins né lögreglu. Eru ýmis atriði, sem máli kynnu að skipta, því óljós. Aðeins einn verkamaður auk aðilja máls þessa og verkstjóra var kvaddur fyrir dóm rúmum 6 árum eftir slysið. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hélt lögmáður gagnáfrýjanda því fram, að eigi hefði náðst til fleiri vitna, þar sem ekki væri þá vitað, hverjir hefðu unnið við uppskipun, er slysið varð. Þá er ekki öldungis ljóst, hvaða efni það var, sem olli

meiðslum gagnáfrýjanda. Í farmskrá m/s Öskju er efni það, sem verið var að skipa upp, tilgreint þannig: „„Setelime““ Hydrated Lime“. Í slysaskýrslu verkstjóra, dags. 16. nóvember 1974, og tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 2. desember s. á., er það nefnt kalk. Efni þetta var aldrei rannsakað.

Af gögnum, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, virðist geta hafa verið um tvö efni að ræða, þ. e. calcium hydroxide $\text{Ca}(\text{OH})_2$ eða calcium oxide, CaO . Af hálfu aðaláfrýjanda Eimskipafélags Íslands h/f er því haldið fram, að við venjulega framkvæmd verks hafi verkamenn verið í nánast engri snertingu við efnið, sem pakkað hafi verið í pappírspoka svipaða sementspokum. Þá er því haldið fram, að calcium hydroxide sé ekki á skrá IMCO yfir hættuleg efni í sjóflutningum og því óþarft að vara við því.

Við meðferð beggja þeirra vörutegunda, sem að framan greinir, eru í alþjóðlegum öryggisreglum ráðlagðir gúmmihanskar, andlitsgrímur og hlífðarfatnaður (protective clothing). Ekki verður séð af gögnum málsins, að verkamönnum þeim, sem falið var að sópa lestarbotninn, hafi verið gerð grein fyrir því, að varhugavert gat verið að snerta efnið, en við hreinsun lestarinnar var snerting sennileg, þó að hún kynni að vera ónauðsynleg við sjálfa losunina.

Læknisvottorð þau um áverka gagnáfrýjanda, sem fyrir liggja í málinu, sýna þó, að efnið hefur ekki verið hættulaust, ef það snerti augu manna, þótt annars sé ýmislegt á huldu um hættueiginleika þess.

Gagnáfrýjandi og aðaláfrýjandi Ragnar Kristinsson voru á unglingsaldri sem og að öllum líkindum fleiri af mönnum þeim, sem unnu í lest m/s Öskju, sbr. framburð Sveins Ólafssonar verkstjóra um, „að þarna hafi verið að verki lausagengi með strákum“ og „ekki lengur tíðkað að hafa slík unglingagengi.“ Ekki verður ráðið af gögnum málsins, að hinum ungu starfsmönnum hafi verið veittar sérstakar leiðbeiningar fyrir sakir æsku þeirra og reynsluleysis, og ekki er ágreiningur um, að verkstjóri stóð ekki yfir verkamönnum í lestinni við framkvæmd verksins.

Hvort sem efni það, sem var skaðvaldur í slysi því, sem hér er fjallað um, er á skrá yfir hættuleg efni í sjóflutningum eða ekki, þá er ekki um það deilt, að snerting þess við augu gagnáfrýjanda hafi valdið því tjóni, sem málið snýst um.

Af hálfu aðaláfrýjanda Eimskipafélags Íslands h/f var ekki hlutast til um opinbera rannsókn á orsökum slyssins, eins og fyrir er mælt í 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem gildandi voru, þegar atburðir gerðust. Má ætla, að sú vanræksla valdi því, hversu mjög skortir á fullnægjandi vitneskju um málsatvik. Verður aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f að bera hallann af því.

Eins og málið hefur verið búið í hendur dómstóla, er ekki unnt að útiloka, að efnið, sem slysinu olli, hafi verið svo viðsjárvert, að aðvara hefði átt verkamenn og viðhafa sérstaka aðgæslu við uppskipun, þannig að verkstjórn hafi af þeim sökum verið áfátt og leiðbeiningar til verkamanna ónógar, en þeir voru að hluta til reynslulitlir unglingar. Að svo vöxnu máli verður að leggja á aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda.

Með atferli sínu, átökum við samstarfsmann á vinnustað, þykir gagnáfrýjandi eiga þátt í slysinu, og á hann því sjálfur að bera tjón sitt að hluta. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að hvor aðilja, gagnáfrýjandi og Eimskipafélag Íslands h/f, beri helming tjónsins.

IV.

Bótakröfur.

Endanleg kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði nam gkr. 12.724.054, svo sem í héraðsdómi greinir, en aðaláfrýjendur samþykktu, að sú hækkun kröfufjárhæðar frá því, sem í héraðsstefnu greindi, fengi að komast að. Aðaláfrýjendur hafa mótmælt þeirri tölulegu hækkun, sem gagnáfrýjandi hefur gert á kröfum sínum fyrir Hæstarétti, þ. e. í 283.593.30 krónur (nýkr.). Gegn mótmælum aðaláfrýjenda eru ekki skilyrði til þess að taka til greina þá hækkun dómkröfu, sem felst í kröfugerð gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti úr gkr. 12.724.054 eða 127.240.54 krónum í 283.593.30 krónur. Verður því að dæma málið innan þeirra marka, sem kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði setur.

Kröfugerð gagnáfrýjanda í héraði var reist á niðurstöðum útreiknings Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 8. febrúar 1980 og endurútreiknings frá 27. nóvember s. á. Verður að leggja þá til grundvallar við ákvörðun bóta í máli þessu, enda hefur hvorki þeim né örorkumati Björns Önundarsonar læknið verið hnekkkt. Trygg-

ingafræðingurinn reiknar eingreiðslu vegna tapaðra vinnutekna á slysdagi með tvenns konar vaxtaforsendum um ávöxtunarmöguleika, 5% ársvöxtum og 13% ársvöxtum. Verðmæti tapaðra vinnutekna vegna tímabundins og varanlegs orkutaps reiknar tryggingafræðingurinn gkr. 10.782.520 miðað við 5% p. a. ávöxtun, en gkr. 3.850.243 miðað við 13% p. a. ávöxtun. Vaxtaútreikningur er miðaður við slysdag í báðum aðferðum. Alkunna er, að ávöxtunarmöguleikar peninga hafa í mörg undanfarin ár ekki farið fram úr 5 af hundraði á ári. Eins og mál þetta er lagt fyrir, ber að miða við þann útreikningsmáta við ákvörðun bótafjárhæðar.

Rétt þykir að lækka bótafjárhæð nokkuð vegna skattfrelsis slíkra bóta. Með tilliti til þess þykir tjón vegna tímabundins og varanlegs orkutaps hæfilega metið 95.000.00 krónur.

Eftir öllum atvikum þykir miski sá, sem gagnáfrýjandi varð fyrir, hæfilega metinn á 15.000.00 krónur. Frá fjárhæðum þessum ber að draga bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 390.40 krónur, og greiðslu frá Eimskipafélagi Íslands h/f, 194.30 krónur, eða samtals 584.70 krónur. Verður heildartjón því 109.415.30 krónur (kr. 110.000.00 ÷ 584.70). Samkvæmt framansögðu ber að dæma aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f til að greiða gagnáfrýjanda helming þeirrar fjárhæðar, eða 54.707.65 krónur.

Af dæmdri fjárhæð ber að greiða vexti, svo sem hér greinir:

1. 5% ársvexti frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980.
2. Dómvexti frá þeim degi til greiðsludags, þ. e. 46% ársvexti frá 27. nóvember 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvexti frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvexti frá þeim degi til 21. október s. á., 36% ársvexti frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjandi hefur krafist þess, „að kveðið verði á um það í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. nóvember 1975 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir“ felist, að um vaxtavexti sé að ræða.“

Fallast ber á það með gagnáfrýjanda, að í kröfugerð hans um dómvexti felist krafa um lagningu vaxta við höfuðstól, svo sem gert er við ávöxtun sparifjár í opinberum lánastofnunum. Krafa hans er að því leyti innan þeirra marka, sem sett voru með héraðsdómsstefnu. Dómvextir eru dæmdir frá 27. nóvember 1980. Ber að taka þessa kröfu gagnáfrýjanda til greina frá þeim degi.

Vaxtakrafa gagnáfrýjanda fyrir tímabilið 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980 var bæði í héraði og fyrir Hæstarétti miðuð við hærri vaxtafót en þau 5% p. a., sem hér er dæmt. Rúmast því sú krafa, sem gerð er hér fyrir dómi um árlega lagningu vaxta við höfuðstól, innan upphaflegrar kröfugerðar fyrir héraðsdómi. Með hliðsjón af almennum reglum um vaxtareikning í innlánsstofnunum, tengslum vaxta af dómskuldum við sparisjóðsvesti og af eðli máls er rétt að verða við kröfu gagnáfrýjanda um lagningu vaxta við höfuðstól einu sinni á ári. Skal það gert um áramót, svo sem er um almenna sparisjóðsreikninga, en síðast 27. nóvember 1980, er dómvextir taka við.

Samkvæmt greindri niðurstöðu ber að dæma aðaláfrýjanda Eimskipafélag Íslands h/f til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur, og rennur hann í ríkissjóð. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns gagnáfrýjanda, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmans, 24.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Kristinsson, á að vera sýkn af kröfum um gagnáfrýjanda, Úlfars Guðmundssonar.

Málskostnaður í þeim þætti málsins fellur niður.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f greiði gagnáfrýjanda, Úlfari Guðmundssyni, 54.707.65 krónur með 5% ársvöxtum frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. septem-

ber 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Vextir frá 16. nóvember 1974 til 27. nóvember 1980 skulu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, um áramót, en síðast hinn 27. nóvember 1980. Dómvextir frá þeim degi til greiðsludags skulu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn hinn 27. nóvember 1981.

Aðaláfrýjandi Eimskipafélag Íslands h/f greiði samtals 30.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og rennur hann í ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað skal óraskað. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns gagnáfrýjanda, Othars A. Petersen hæstaréttarlögmans, 24.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Halldórs Þorbjörnssonar

Við erum sammála því, er segir í I. og II. lið í dómi Hæstaréttar. Að loknum II. lið teljum við, að dómsatkvæðið eigi að vera sem hér segir:

III.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda Eimskipafélagi Íslands h/f.

A. Kröfur gagnáfrýjanda eru einum þræði reistar á því, að ofangreindur aðaláfrýjandi beri húsbóndaábyrgð á verkum og atferli aðaláfrýjandans Ragnars Kristinssonar. Þar sem þegar er dæmt, að atferli hans sé eigi saknæmt og leiði eigi til bótaskyldu, er þessi bótagrundvöllur gagnvart Eimskipafélagi Íslands h/f eigi tækur, en eins og hér stendur á, þykir rétt að bæta því við, að fallist er á sjónarmið í héraðsdómi að öðru leyti um þessa málsástæðu.

B. Þá eru bótakröfur gagnáfrýjanda á hendur þessum aðaláfrýjanda á því reistar, að skort hafi á virka verkstjórn af hálfu aðaláfrýjandans, en gera verði strangar kröfur í því efni, þar sem verkamenn við affermingu skips hafi verið ungir og farmur hættulegur, svo sem fram hafi komið í reynd. Hafi hvílt á verkstjóra sérstök skylda að gera verkamönnum viðvart um, hversu hættuleg efni voru í farminum.

Miða verður við, að verkamenn þeir, sem unnu að affermingu, hafi sumpart verið ungir, svo sem var um þá málsaðiljana Ragnar og Úlfar, en einnig störfuðu reyndir menn með þeim. Um efnið er þess að geta, svo sem áður greinir, að eigi ligga fyrir ótvíræð gögn um það, hvert það hafi verið, og því eigi unnt að ganga til hlítar úr skugga um hættueiginleika þess. Verður að leggja til grundvallar, að nokkur hætta hafi stafað af efni þessu. Á hitt er að líta, að hættueiginleikar efnisins leysast úr læðingi með mjög sérstæðri og ófyrirsjáanlegri atburðarás, þ. e. við það, að átök verða milli málsaðiljanna Ragnars og Úlfars. Eigi mátti vænta slíks, og eigi eru leiddar líkur að því, að verkstjórn af hendi aðaláfrýjanda hafi almennt verið ábótavant. Þegar þetta er virt, þykja fébótakröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjandanum Eimskipafélagi Íslands h/f eigi verða teknar til greina, og ber að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður þeirra í milli falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður máls í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum, samtals 30.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Ragnar Kristinsson og Eimskipafélag Íslands h/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjandans, Úlfars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður í aðalsök og gagnsökum.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir báðum dómum greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda

í héraði og fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, samtals 30.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara

Ég er sammála því, sem segir í I., II. og III. lið í dómsatkvæði Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara og Sigurðar Líndal prófessors. Þá er ég einnig sammála því, sem segir í IV. lið dómsatkvæðis þeirra um hækkaðar kröfur gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með hliðsjón af framkomnum gögnum og dómvenju tel ég, að Eimskipafélagi Íslands h/f beri að greiða gagnáfrýjanda, Úlfari Guðmundssyni, 75.000.00 krónur sem bætur fyrir fjárhagstjón og miska með vöxtum, eins og hér segir: 13% ársvöxtum frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ég er samþykkur ákvæði framangreinds dómsatkvæðis um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 5. þ. m., hefur Úlfar Guðmundsson viðskiptafræðinemi, Flyðrugranda 18, Reykjavík, fæddur 29. ágúst 1958, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 5. júní 1980, þar sem þing var sótt af hálfu hinna stefndu og fyrirtaka málsins samþykkt.

Stefndu eru Ragnar Heiðar Kristinsson trésmiður, Blikanesi 21, Garðabæ, fæddur 21. júlí 1956, og Eimskipafélag Íslands h/f, Reykjavík. Málið er höfðað til heimtu bóta vegna líkamstjóns.

MÁLAVEXTIR.

Laugardaginn 16. nóvember 1974 voru þeir báðir stefnandi og stefndi Ragnar að vinna hjá stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f við uppskipun í botni fyrstu lestar m/s Öskju í Sundahöfn í Reykjavík. Meðal þess, sem skipað var upp þennan dag, voru 420 pokar, 10.822 tonn, af kalki. Við uppskipunina virðist eitthvað af kalki hafa komist úr umbúðunum og fallið á botn lestarinnar. Um klukkan 11 um morguninn höfðu verkamennirnir í lestinni fengið skipun um að sópa kalkinu upp. Sóparnir voru færri en verkamennirnir, og voru þeir stefnandi og stefndi Ragnar að togast á um einn sópinn. Urðu úr þessu áflog. Þeir töpuðu sópinum úr höndunum á sér, en veltust um í kalkinu. Í þann mund er þeir voru að rísa á fætur, sveiflaði stefndi Ragnar hendi í átt til stefnanda með þeim afleiðingum, að kalk fór í augu stefnanda. Stefnandi komst fljótlega upp úr skipinu yfir bryggjuna og inn á snyrtiherbergi í húsi þar nærri. Þar skolaði hann úr augunum eftir föngum. Verktjóra var gert viðvart, og kallað var á lögreglu og sjúkralið. Stefnandi var síðan fluttur á slysadeild Borgarspítalans, þar sem augun voru skoluð og hreinsað úr þeim eftir föngum. Síðan var hann fluttur á augndeild Landakotsspítala. Mjög mikill kemiskur bruni reyndist í hægri auga. Vinstri hornhimnan var ógagnsæ, þykknuð og mjólkurlituð. Einnig var mikið af gráleitum ögnum í vinstra auga. Stefnandi var meðhöndlaður með kröftugri lyfjameðferð. Hægri auga greri fljótlega, en vinstra augað smám saman. Hann var útskrifaður 21. desember 1974 með áframhaldandi lyfjameðferð á vinstra auga, og tæpum þrem mánuðum síðar var sjón á vinstra auga orðin eðlileg með sjónskekkjuglerjum. Við skoðun í febrúar 1976 reyndist sjón á hægri auga 1.0 án glerja, en sjón á vinstra auga tæplega 0.9 án glerja, 1.0 (+ 1.5 - 1.5 öxull 30°). Engin bólga var í vinstra auga, en nokkur æðainnvöxtur á hornhimnu, aðallega miðlæg, þunnt ský yfir alla hornhimnuna og hornhimnan dálítið þynnri á vinstra auga en því hægri.

Ragnar Sigurðsson læknir skoðaði stefnanda 12. september 1979. Stefnandi kvartaði þá ekki um annað en að vinstra auga hefði tilhneigingu til að roðna, ef hann þreyttist. Við augnskoðun reyndist sjón á hægri auga 6/6 án glerja, sjón á vinstra auga 6/9 án glerja, en 6 — 7.5 með + 0.25 — 0.25 x 5. Skoðun á vinstra auga leiddi í ljós væga þynningu á hornhimnu, töluvert áberandi skýmyndun, sérstaklega á efri hluta hornhimnu og hvítar örður í yfirborðslagi hornhimnunnar, dálítil æðainnvöxtur í vinstra auga, aðallega ofan til.

Björn Öndarson læknir reiknaði örorku stefnanda 11. janúar 1980 frá slysdegi í tvo mánuði 100%, eftir það í tvo mánuði 50% og varanlega 8%.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði örorkutjón stefnanda 27. nóvember 1980 á fjóra mismunandi vegu, annars vegar miðað við vinnu-

tekjur verkamanna og hins vegar miðað við vinnutekjur háskólamenntaðra manna, og í báðum tilvikum var annars vegar reiknað með 5% ársvöxtum og hins vegar 13% ársvöxtum. Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi miðað við vinnutekjur verkamanna og 5% ársvexti reyndist vegna tímabundins örorkutaps í fjóra mánuði 200.327 kr., vegna varanlegs örorkutaps eftir það 10.582.193 kr., samtals 10.782.520 kr. Miðað við vinnutekjur verkamanna og 13% ársvexti reiknaðist verðmæti tapaðra vinnutekna vegna tímabundins örorkutaps 193.429 kr., vegna varanlegs örorkutaps eftir það 3.656.814 kr., samtals 3.850.243 kr. Miðað við vinnutekjur háskólamenntaðra manna og 5% ársvexti reiknaðist verðmæti tapaðra vinnutekna 9.712.689 kr. og miðað við 13% ársvexti 2.620.313 kr.

Þegar slysið varð, var stefnandi við nám í Laugalækjarskóla í Reykjavík en stundaði íhlaupavinnu hjá stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f um helgar. Hvorki stefnandi, stefndi Ragnar né verkstjóri þeirra virðast hafa vitað, hvert efnið var, sem verið var að skipa upp, en það reyndist vera iðnaðarkalk, 96% calcium hydroxyde $\text{Ca}(\text{OH})_2$, þannig að þetta er sterkur basi, sem getur valdið alvarlegri ætingu, ekki síst í augum og stundum með umtalsverðum eftirköstum (örmyndun, herslis - myndun). Enginn verkstjóri var í lestinni, þegar atburður þessi gerðist. Stefnandi notar ekki gleraugu og kveðst hvorki þurfa þess við nám sitt né strætisvagnaakstur, sem hann stundar meðfram náminu.

KRÖFUR OG MÁLSÁSTÆÐUR.

Af hálfu stefnanda hefur endanlega verið gerð svofelld grein fyrir dómkröfum:

Aðalkrafa.

1. Tímabundin örorka	kr.	200.327
2. Varanleg örorka	—	10.582.193
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	12.785.520
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	12.743.484
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	12.724.054

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1979, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til

birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

1. Varakrafa.

1. Tímabundin örorka	kr.	200.327
2. Varanleg örorka	—	10.582.193
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	12.782.520
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	12.743.484
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	12.724.054

auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

2. Varakrafa.

1. Varanleg örorka	kr.	9.712.689
2. Miskabætu	—	2.000.000
	Kr.	11.712.689
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	11.673.653
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	11.654.223

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

3. Varakrafa.

1. Varanleg örorka	kr.	9.712.689
2. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	11.712.689

÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	kr.	39.036
	Kr.	11.673.653
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	11.654.223

auk 5% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til greiðsludags og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

4. Varakrafa.

1. Tímabundin örorka	kr.	193.429
2. Varanleg örorka	—	3.656.814
3. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	5.850.243
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	5.811.207
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands h/f	—	19.430
	Kr.	5.791.777

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

5. Varakrafa.

1. Varanleg örorka	kr.	2.620.313
2. Miskabætur	—	2.000.000
	Kr.	4.620.313
÷ greitt af Tryggingastofnun ríkisins	—	39.036
	Kr.	4.581.277
÷ greitt af Eimskipafélagi Íslands	—	19.430
	Kr.	4.562.847

auk 13% ársvaxta frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 22. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september 1979, 27% árs-

vaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu og dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags skv. lögum nr. 56/1979 og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talinn útlagður kostnaður.

Skýringar.

Aðalkrafa og 1. varakrafa eru miðaðar við útreikninga Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23, reiknigrundvöll A og vaxtagrundvöll 5% ársvexti.

2. varakrafa og 3. varakrafa eru miðaðar við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23 reiknigrundvöll B og vaxtagrundvöll 5% ársvexti.

4. varakrafa er miðuð við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23 reiknigrundvöll A og vaxtagrundvöll 13% ársvexti.

5. varakrafa er miðuð við útreikning Guðjóns Hansen tryggingafræðings á dskj. nr. 13 og 23, reiknigrundvöll B og vaxtagrundvöll 13% ársvexti.

Af hálfu stefnda Ragnars er aðallega krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu Eimskipafélags Íslands er krafist sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Ragnar hafi kastað kalkinu framan í stefnanda og að hann beri ábyrgð á afleiðingum þess samkv. almennu skaðabótareglunni. Kröfur á hendur stefnda Eimskipafélagi Íslands eru fyrst og fremst byggðar á því, að verkstjórn hafi verið áfátt og sérstaklega að vanrækt hafi verið að vara stefnanda við hættulegum eiginleikum kalksins. Sérstaklega er því haldið fram, að verkstjóra beri að sjá um, að unglingar fari sér ekki að voða og skaði hver annan. Þá er á það bent, að Öryggisfirliti ríkisins hafi ekki verið gert viðvart um slysið.

Af hálfu stefnda Ragnars er því haldið fram, að kalkið hafi lent í augum stefnanda fyrir óhappatilviljum, og því haldið fram, að stefnandi hafi átt upptökin að áflogunum. Vitnað er í mannhelgisbálk Jónsbókar, 13. kápítula og kröfum mótmælt sem of háum.

Af hálfu stefnda Eimskipafélags Íslands h/f er því mótmælt, að verkstjórn hafi verið ábótavant. Því haldið fram, að atferli piltanna og afleiðingar þess séu svo fjarskyld starfsskyldum þeirra, að útilokað verði talið, að almenn húsbóndaábyrgð geti komið þar til greina. Dómkröfum er til vara mótmælt sem of háum.

SÖNNUNARGÖGN.

Stefnandi segir, að stefndi Ragnar hafi staðið við stæðu, snúið baki við stefnanda, seilst aftur fyrir sig og síðan kastað duftinu framan í hann. Stefndi segist hafa sveiflað höndunum í átt til stefnanda „þá fer þetta kalk af höndunum á mér á vinnuvettlingunum, sem ég bar, og í augu hans.“ Vitnið Gunnar Smári Sigurðsson, fæddur 5. desember 1959, sem vann með aðiljunum í lestinni, lýsir atvikum þannig, að aðiljarnir hafi risið upp og að í þann mund hafi stefndi borið höndina í áttina að stefnanda og kalkið farið af vettlingum hans í augu stefnanda. Hann segist ekki vera öruggur um, að stefndi hafi kastað kalkinu í stefnanda. Nánar aðspurður sagði stefnandi, að aðiljarnir hefðu velst um á gólfinu, en stefndi síðan seilst aftur fyrir sig. Hann sagðist þó ekki treysta sér til að segja, hvort hann kastaði vísvitandi. Stefndi var spurður um upptök áfloganna. Hann sagðist muna, að hann náði sópnunum af stefnda, en ekki kvaðst hann muna, hvort stefndi var búinn að ná sópnunum á undan honum. Stefndi var spurður um upptökin og sagði þá, að upptökin hefðu verið gáski og leikur. Stefndi sagðist hafa veitt því athygli, þegar hann andaði að sér efninu, að sveið í hálsinn. Verkstjórinn segist hafa haldið, að efnið væri sódi. Stefndi telur sig ekki hafa vitað, hvaða efni þetta var.

Stefndi Ragnar telur, að verkstjórar hafi verið of fáir. Sveinn Ólafsson verkstjóri sagði, að sérstaklega hefði verið fylgst með piltunum. Hann tók fram, að nú væri fyrirtækið hætt að notast við „unglingagengi.“ Hann segir, að ekki hafi verið höfð nein sérstök tilhögun á verkstjórn yfir unglingum. Hann segir, að verkstjórn hafi miðast við verkið sjálft, en ekki að koma í veg fyrir áflog unglinganna.

ÁLIT DÓMSINS.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja ósannað, að það hafi verið ásetningur stefnda Ragnars að koma kalki í augu stefnanda. Það þykir og verða að leggja til grundvallar, að hvorugur hafi vitað, hvert efnið var, og gert sér grein fyrir, hver hætta stafaði af því. Þó hafði stefnandi orðið var við, að kalkkrykið olli sviða í öndunarfarum, og stefndi Ragnar hafði aðstöðu til að veita því athygli einnig. Telja verður, að stefndi Ragnar hafi sýnt af sér gáleysi með því að sveifla hendinni í átt til stefnanda með vettlingana þakta efni, sem hann vissi ekki deili á og mátti vita að væri ekki með öllu meinlaust, og hlýtur hann af þeim sökum að bera ábyrgð á afleiðingum þessa. Það verður á hinn bóginn að teljast gáleysi af stefnanda að fara að fljúgast á við stefnda í kalkinu, en svo virðist sem hann hafi fremur átt upptökin að leik þeirra.

Fallast verður á það með lögmanni stefnda Eimskipafélagi Íslands h/f, að tiltæki piltanna hafi verið svo fjarri starfsskyldum þeirra, að þessi

stefndi verði ekki talinn bera ábyrgð á afleiðingum gerða stefnda Ragnars í þessu sambandi. Ekki verður talið í ljós leitt, að verkstjórn hafi almennt verið ábótavant miðað við það, sem almennt gerist, og ekki þykir verða ætlast til, að verkstjórar standi að staðaldri yfir verkamönnum, jafnvel þótt unglingar eigi í hlut. Hins vegar verður að telja athugavert af hálfu fyrirsvarsmanna stefnda Eimskipafélags Íslands h/f, að ekki skyldi vera séð fyrir því, að starfsmönnum væri gerð grein fyrir hættunni af kalkinu, einkum þegar þess er gætt, að við flutninga á slíkum efnum er alltaf eitthvað af lausu efni og ryki utan á umbúðum og veruleg hætta á, að efnið fari úr umbúðunum, þegar verið er að flytja það. Eins og atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta tjónsins, en að stefnandi beri sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta.

Bætur þykir bera að reikna þannig:

Leggja ber til grundvallar örorkutjónsútreikning frá 7. nóvember 1980. Þar sem í hlut átti unglingur, sem ekki hafði valið sér starf, þykir rétt að notast við viðmiðun við vinnutekjur verkamanna, en þegar þess er gætt, að stefnandi stundaði ihlaupavinnu með skólanámi, þykir aðeins mega reikna með, að hann hafi misst af vinnu um helgar og í jólaeyfi. Tapaðar vinnutekjur vegna tímabundinnar örorku þykja þannig hæfilega áætlaðar 70.000 kr. Samkvæmt venju þykir bera að reikna með 13% ársvöxtum. Frá grunntölum örorkutjóns þannig reiknuðu þykir bera að draga nokkra fjárhæð vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Í því sambandi þykir og mega hafa í huga, að vandséð er, að stefnandi hafi enn sem komið er í raun og veru orðið fyrir nokkru vinnutekjutapi vegna varanlegrar örorku. Þá er og ekki sérlega líklegt, að svo verði í raun í framtíðinni. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 400.000 kr. Út frá þessum sjónarmiðum reiknast tjón stefnanda þannig:

Tímabundin örorka	70.000 kr.	
Varanleg örorka	3.656.814 kr.	3.726.814 kr.
Frádráttur vegna hagræðis af eingreiðslu, skattfrelsis		
o. s. frv.		÷ 1.126.814 kr.
		2.600.000 kr.
Miski		400.000 kr.
		3.000.000 kr.
Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins		÷ 39.036 kr.
		2.960.964 kr.

Samkvæmt ofanrituðu ber stefndu að greiða stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta þessarar fjárhæðar, eða 1.973.976 kr. Stefnandi hefur þegar fengið greiddar 19.430

kr., þannig að eftir standa 1.954.546 kr., sem stefndu ber að greiða stefnanda að óskiptu auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 þykja ákvæði þeirra laga um dómvexti ekki eiga við í þessu máli. Samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 29. maí 1980 er skuldareiganda heimilt, greiði skuldari ekki skuld sína á réttum tíma, frá eindaga til greiðsludags eða til þess tíma, er ákvæði laga nr. 56/1979 taka til, að krefjast greiðslu vanskilavaxta (dráttarvaxta) af gjaldfallinni fjárhæð, sem séu sömu vextir á ári og greiddir eru hæstir á hverjum tíma af innlánsreikningum. Ákvæði þetta, sem á stoð í 5. gr. laga nr. 58/1960, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, þykir með samræmisskýringu við 1. gr. laga nr. 56/1979 bera að túlka svo, að vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum beri einungis að dæma fyrir þau tímabil, sem greind eru í auglýsingunni, af þeim kröfum, sem bera dómvexti skv. lögum nr. 56/1979.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og lagri dómvenju þykja dráttarvextir hæfilega ákveðnir jafnháir almennum innlánsvöxtum innlánsstofnana, eða 13% ársvextir af 1.954.546 kr. frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 725.000 kr., og rennur hann í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns stefnanda, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 600.000 kr., svo og útlagður kostnaður, 285.400 kr., en þar af greiðast í samræmi við greinargerð stefnanda 153.900 kr. til talsmannsins og 131.500 kr. til stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ragnar Kristinsson og Eimskipafélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Úlfari Guðmundssyni, að óskiptu 1.954.546 kr. með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 16. nóvember 1974 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 725.000 kr. í málskostnað, er renna í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þóknun talsmanns stefnanda, Othars Arnar Petersen héraðsdómslögmanns, 600.000 kr., og útlagður kostnaður, 285.400 kr., þar af 153.900 kr. til talsmannsins og 131.500 kr. til stefnanda sjálfs.

Allar greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1983.

Nr. 133/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kalmanni Hafsteinssyni

(Agnar Gústafsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming. Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefndu 2. febrúar 1983 refsingu ákærða til þyngingar og til lengingar ökuleyfis-sviptingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar, er lög leyfa.

Ágrip máls barst Hæstarétti 23. ágúst 1983.

Í héraði var máli þessu beint gegn ákærða og öðrum manni, sem unað hefur héraðsdómi.

Samkvæmt fæðingar- og skirnarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er síðara eiginnaframt hans Kalmann.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu brota að því er varðar I. og IV. lið í ákæruskjali.